

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.02.2017

---

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 01.02.2017

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Bókhald KPMG
2. Reglur vegna refa og minkaveiði
3. Reglur um sérstakar húsaleigubætur
4. Skólaakstur
5. Beiðni um styrk vegna æskulýðsstarfs kirkjunnar
6. Önnur mál.

## **1. Bókhald KPMG**

Vignir lagði fram tilboð frá KPMG ehf vegna skráningar á bókhaldi ársins 2017. Tilboð samþykkt. Oddvita falið að skrifa undir.

## **2. Reglur vegna refa og minkaveiði**

Vignir lagði fram reglur vegna refa og minkaveiði sem eru samhljóða reglum hjá öðrum sveitarfélögum í Austur Húnavatnssýslu. Reglur samþykktar.

## **3. Reglur um sérstakar húsaleigubætur**

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Í reglunum er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu, fjárhæð og aðrar forsendur. Sveitarstjórn yfirfór reglur og samþykkti og fól oddvita að auglýsa þær í B-deild Stjórnartíðinda.

## **4. Skólaakstur**

Ákveðið var að hækka aksturstaxta skólabílstjóra um 6, 5% frá 1 jan. 2017

## **5. Beiðni um styrk vegna æskulýðsstarfs kirkjunnar**

Samþykkt að styrkja um kr. 40.000.-

## **6. Önnur mál**

Umræður urðu um alvarlegt ástand malarvega í sveitarfélaginu, eftirfarandi bókun var samþykkt. „Sveitarstjórn Skagabyggðar skorar á Vegagerðina að lagfæra ástand malarvega í sveitarfélaginu. Lélegt ástand veganna hefur áhrif á atvinnuþátttöku íbúa og skólasókn barna í sveitarfélaginu. Aukin heilsársumferð í sveitarfélaginu kallar á stórauikið viðhald vega“

## Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.02.2017

---

Fleira ekki tekið fyrir fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið.